

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/23/13

frá 6. desember 1999

um niðurfellingu á ákvörðun 1999/356/EB og setningu sérstakra skilyrða vegna innflutnings á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 4232)

(2000/49/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní
1993 um hollustuhætti í matvælaíðnaði ⁽¹⁾, einkum 1. mgr.
10. gr.,
að höfðu samráði við aðildarríkin,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/356/EB frá 28. maí 1999 um tímabundna stöðvun innflutnings á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan ⁽²⁾ gildir til 1. desember 1999 og ber að fella hana úr gildi.
- 2) Í ljós hefur komið að jarðhnetur, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan, innihalda mikið magn aflatoxíns B1. Sýnataka hefur leitt í ljós alvarlega og endurtekna aflatoxínmengun í jarðhnetum sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan.
- 3) Vísindanefnd um matvæli hefur komist að þeirri niðurstöðu að aflatoxín, einkum aflatoxín B1, séu krabbameinsvaldandi efni og að jafnvel litlir skammtar af þeim valdi lifrarkrabbameini auk þess sem þau eru erfðaeitur.
- 4) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1525/98 ⁽³⁾ um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 eru sett ákvæði um leyfilegt hámarks magn tiltekinna mengunarefna, einkum aflatoxína, í matvælum. Sýni úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan, fara langt yfir þessi mörk. Með þessari reglugerð eru mörkin fyrir aflatoxín B1 í móludum

hnetum, sem eru ætlaðar beint til neyslu, og í hnetum, sem eru flokkaðar eða unnar frekar, sett við tvo hluta af milljarði í fyrra tilvikinu og átta hluta af milljarði (ppb) í seinna tilvikinu. Greinst hefur aflatoxín B1 í jarðhnetum frá Egyptalandi í magni sem nemur allt að 485 hlutum úr milljarði.

- 5) Egyptar flytja út jarðhnetur í miklu magni til bandalagsins og eru váhrif á íbúana, sem stafa af jarðhnetum eða jarðhnetuafurðum sem eru mengaðar af aflatoxíni, alvarleg ógnun við almannaheilbrigði í bandalaginu.
- 6) Farið hefur fram rannsókn á hreinlætisaðstæðum í Egyptalandi og leiddi hún í ljós að bæta þarf hreinlætisvenjur og gera það auðveldara að rekja vinnsluferil jarðhnetna. Egypsk yfirvöld hafa skuldbundið sig til að gera úrbætur, einkum í tengslum við framleiðslu, meðhöndlun, flokkun, vinnslu, pökkun og flutning. Það er því viðeigandi að setja sérstök skilyrði um jarðhnetur eða jarðhnetuafurðir, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan, til að tryggja víðtæka vernd almannaheilbrigðis.
- 7) Fylgja þarf góðum hreinlætisvenjum við framleiðslu, flokkun, meðhöndlun, vinnslu, pökkun og flutning á jarðhnetum og afurðum, unnum úr jarðhnetum. Ákvarða þarf magn aflatoxíns B1 og heildarmagn aflatoxína í sýnum sem eru tekin úr vörusendingum rétt áður en þær eru sendar frá Egyptalandi.
- 8) Egypsk yfirvöld þurfa að leggja fram skrifleg sönnunargögn sem fylgja skulu hverri vörusendingu jarðhnetna, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan, og varða aðstæður við framleiðslu, flokkun, meðhöndlun, vinnslu, pökkun og flutning og niðurstöður úr greiningu á rannsóknarstofu á magni aflatoxíns B1 og heildarmagn aflatoxína.
- 9) Í komuhöfn inn í bandalagið þarf kerfisbundið að afhenda sýni úr vörusendingum jarðhnetna, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan, til greiningar til að ákvarða magn aflatoxíns B1 og heildarmagn aflatoxína í jarðhnetunum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 19, 25.1.2000, bls. 46, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 15.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 175, 19.7.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 139, 2.6.1999, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 4.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn:

- jarðhnetur sem falla undir SAT-númer 1202 10 90, í skurn, eða 1202 20 00, án skurnar, einnig sundurskornar, eða
- brenndar jarðhnetur sem falla undir SAT-númer 2008 11 92 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 2008 11 96 (ekki yfir 1 kg)

sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan og ætlaðar til manneldis eða til notkunar sem innihaldsefni í matvælum, svo fremi að hverri vörusendingu fylgi niðurstöður úr opinberri sýnatöku og greiningu ásamt heilbrigðisvottorði samkvæmt I. viðauka sem er útfyllt, undirritað og vottað af fulltrúa landbúnaðarráðuneytis Egyptalands.

2. Aðeins er heimilt að flytja vörusendingar inn í bandalagið um einn komustaðanna sem eru skráðir í II. viðauka.

3. Hver vörusending skal auðkennd með kenninúmeri sem samsvarar kenninúmerinu á niðurstöðunum úr opinberu sýnatökunni og greiningunni og á heilbrigðisvottorðinu sem um getur í I. mgr.

4. Aðildarríkin skulu sannprófa skjölin til að tryggja að farið sé að kröfum um heilbrigðisvottorð og niðurstöður sýna sem um getur í I. mgr.

5. Aðildarríkin skulu kerfisbundið taka sýni úr vörusendingum og greina þau með tilliti til aflatoxíns B1 og heildarmagns aflatoxína, áður en kemur að markaðssetningu í bandalaginu frá komuhöfn, og gera framkvæmdastjórninni viðvart um niðurstöður þessara greininga.

2. gr.

Þessa ákvörðun skal endurskoða fyrir 30. nóvember 2000 í þeim tilgangi að meta hvort þau sérstöku skilyrði, sem um getur í I. gr., veiti nægilega víðtæka vernd fyrir almannaheilbrigði í bandalaginu. Í endurskoðuninni skal einnig meta hvort áfram sé þörf fyrir þessi sérstöku skilyrði.

3. gr.

Með þessari ákvörðun fellur ákvörðun 1999/356/EB úr gildi.

4. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi innflutningi til að fara að ákvörðun þessari. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. desember 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir innflutning til bandalagsins á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan

Kenninúmer vörusendingar Vottorð nr.

Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/49/EB þar sem sett eru sérstök skilyrði fyrir innflutningi á jarðhnetum, sem falla undir SAT-númer 1202 10 90 (í skurn) eða 1202 20 00 (án skurnar), og afurðum, unnum úr jarðhnetum, sem falla undir SAT-númer 2008 11 92 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) og 2008 11 96 (ekki yfir 1 kg), sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan,

landbúnaðarráðherra

VOTTAR:

að jarðhneturnar í þessari vörusendingu, kenninúmer (færið inn kenninúmer vörusendingar), sem er samsett af:

.....

(lýsing á vörusendingu og vöru, fjöldi og tegund pakkninga, brúttó- eða nettóþyngd)

fermd í:

(fermningarstaður)

af:

(nafn flutningsaðila)

fer til:

(ákvörðunarstaður og -land)

kemur frá starfsstöð:

(nafn og pósthfang starfsstöðvar)

hafa verið framleiddar, flokkaðar, meðhöndlaðar, unnar, pakkaðar og fluttar í samræmi við góðar hreinlætisvenjur.

Úr þessari vörusendingu voru tekin (fjöldi sýna) sýni úr jarðhnetum (dagsetning), og efnagreind (dagsetning) í (nafn rannsóknar-stofu), til að ákvarða magn aflatoxíns B1 og heildarmagn aflatoxína og fylgja upplýsingar um sýnatöku, greiningaraðferðir og allar niðurstöður hjálagðar.

Gjört í hinn

Stimpill og undirskrift
 fulltrúa landbúnaðarráðuneytis
 Egyptalands

II. VIÐAUKI

Skrá yfir komustaði þar sem heimilt er að flytja inn í Evrópubandalagið jarðhnetur og afurðir, unnar úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan

| Aðildarríki | Komustaður |
|-----------------|--|
| Belgique-België | Anvers-Antwerpen |
| Danmark | Allar danskar hafnir og flugstöðvar og allar landamærostöðvar |
| Deutschland | HZA Lörrach-ZA Weil am Rhein-Autobahn, HZA Stuttgart-ZA Flughafen, HZA München-Flughafen, HZA Hof-ZA Schirnding, HZA Weiden-ZA Furth i. Wald-Schafberg, HZA Weiden-ZA Furth i. Wald-Schafberg, HZA Weiden-ZA Waidhaus-Autobahn, Bezirksamt Reinickendorf von Berlin, Abteilung Finanzen, Wirtschaft und Kultur, Veterinär- und Lebensmittelaufsichtsamt, Grenzkontrollstelle, HZA Frankfurt (Oder) ZA Autobahn, HZA Cottbus-ZA Forst-Autobahn, HZA Bremen-ZA Neustädter Hafen, HZA Bremerhaven-ZA Container Terminal, HZA Bremerhaven-ZA Rotersand, HZA Hamburg-Freihafen-Abfertigungsstelle, HZA Hamburg-Freihafen-ZA Ericus-Abfertigungsstelle Südbahnhof, HZA Hamburg-Freihafen-ZA Köhlfleetdamm, HZA Hamburg-ST Annen-ZA Altona, HZA Hamburg-Waltershof-Abfertigungsstelle, HZA Hamburg-Waltershof-ZA Flughafen, HZA Frankfurt-am-Main-Flughafen, HZA Braunschweig-Abfertigungsstelle, HZA Hannover-Abfertigungsstelle, HZA Lüneburg-ZA Stade, Stadtverwaltung Dresden, Lebensmittelüberwachungs- und Veterinäramt, Grenzkontrollstelle Dresden-Friedrichstadt (für Bahntransport), Landratsamt Weisseritzkreis, Lebensmittelüberwachungs- und Veterinäramt, Grenzkontrollstelle (für Straßentransport), Landratsamt Niederschlesischer Oberlausitzkreis Lebensmittelüberwachungs- und Veterinäramt, Grenzkontrollstelle Ludwigsdorf (für Straßentransport), HZA Itzehoe-ZA Pinneberg, HZA Trier-ZA Idar-Oberstein, HZA Oldenburg-ZA Wilhelmshaven |
| Ελλάδα | Athina, Pireas, Elefsis, Airport of Athens, Thessaloniki, Volos, Patra, Iraklion of Krete, Airport of Krete, Euzoni, Idomeni, Ormenio, Kipi, Kakavia, Niki, Promahonas, Pithio, Igoumenitsa, Kristalopigi |
| España | Algeciras (puerto), Alicante (aeropuerto, puerto), Almería (aeropuerto, puerto), Barcelona (aeropuerto, puerto), Bilbao (aeropuerto, puerto), Cádiz (puerto), Cartagena (puerto), Gijón (aeropuerto, puerto), Huelva (puerto), A Coruña-Santiago de Compostela (aeropuerto, puerto), Las Palmas de Gran Canaria (aeropuerto, puerto), Madrid-Barajas (aeropuerto), Málaga (aeropuerto, puerto), Palma de Mallorca (aeropuerto), Pasajes-Irún (aeropuerto, puerto), Santa Cruz de Tenerife (aeropuerto, puerto), Santander (aeropuerto, puerto), Sevilla (aeropuerto, puerto), Tarragona (puerto), Valencia (aeropuerto, puerto), Vigo-Vilagareia (aeropuerto), Marín (puerto), Vitoria (aeropuerto), Zaragoza (aeropuerto) |
| France | Marseille (Bouches-du-Rhône) Le Havre (Seine-Maritime) |
| Ireland | Allar hafnir, flugstöðvar og landamærostöðvar |
| Italia | Ufficio Sanità marittima ed aerea di Ancona Ufficio Sanità marittima ed aerea di Bari Ufficio Sanità marittima ed aerea di Genova Ufficio Sanità marittima di Livorno Ufficio Sanità marittima ed aerea di Napoli Ufficio Sanità marittima di Ravenna Ufficio Sanità marittima di Salerno Ufficio Sanità marittima ed aerea di Trieste |

| Aðildarríki | Komustaður |
|----------------|---|
| Luxembourg | Centre douanier, croix de Gasperich, Luxembourg |
| Nederland | Rotterdam |
| Österreich | Nickelsdorf, Spielfeld |
| Portugal | Lisboa |
| Suomi-Finland | Helsinki |
| Sverige | Göteborg |
| United Kingdom | Channel Tunnel Terminal, Dover, Felixstowe, Gatwick Airport, Goole, Grangemouth, Harwich, Heathrow Airport, Heysham, Hull, Immingham, Ipswich, King's Lynn, Leith, Liverpool, London (including Tilbury and Thamesport), Manchester Airport, Manchester Container Port, Manchester including Ellesmere Port, Middlesbrough, Newhaven, Poole, Shoreham, Southampton. |